

9 sjóðsgjaldið úr hreppnum að vera 85 kr. 61. eyr., en ekki 85 kr. 54 aur.; eign sjóðsins til næsta árs verður því 607 kr. 2. aur.

17. Þá voru samin yfirlit 1) yfir fjárhag sýslusjóðanna, og 2) yfir fjárhag sýsluvegasjóðanna fyrir árið 1881.

Fleiri mál komu ekki til umræðu á þessum fundi og var svo fundi slitið.

Akureyri, 12. dag febrúarm. 1883.

*J. Havsteen*

settur.

10 28. jan. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um linun í eptirgjaldi eptir þjóðjörð.** — Í tilefni af bónarbrjefi frá ábúandanum á þjóðjörðinni Feigsdal, Jens Þorvaldssyni, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 25. júlí f. á., og samkvæmt tillögum amtsráðsins í vesturamtinu veiti jeg hjermed samþykki mitt til, að eptirgjaldið eptir nefnda jörð um næsta 5 ára tímabil, reiknað frá síðastliðnum fardögum, megi með tilliti til skemmda þeirra, er tún og engi jarðar þessarar liggja undir, færast niður í 100 meðalálnir úr 80 kr.

Þetta er yður þjónustusamlega tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1882 og 1883

16. gr.

Ráðgjafinn veitti 13. des. f. á. Steinþóri steinhöggvara Bjarnarsyni 300 kr. styrk úr landssjóði til að ganga í skóla hins tekniska fjelags í Kaupmannahöfn að afla sjer þar þeirrar þekkingar, er þarf til þess að standa fyrir steinhúsabyggingum á Íslandi.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885.

13 gr, B. V. b.

Til barnaskólans í Vatnsleysustrandarhreppi	veittar 200 kr.
— — á Skipaskaga á Akranesi	— 200 —
— — á Þingvöllum	— 200 —
— — í Ölvesshreppi	— 200 —
— — í Bessastaðahreppi	— 200 —
— — á Leirá	— 200 —

#### SÝSLAN VEITT.

2. febrúar 1884 skipaði landshöfðingi umboðsmann Stefán Stephensen umboðsmann í Munkaþverárklausturs-umboði.

#### HEIÐURSPENINGUR.

10. nóv. 1883 þóknadist hans hátígn konunginum allramildilegast að sæma skipstjóra Charles Louis Butez frá Dunkerque heiðurspeningnum fyrir björgun frá drukkun, er ætlaður er til að bera á brjóstinu, fyrir að hann í marzmán. 1883 bjargaði skipshöfninni á íslenskum fiskibát úr sjávarháska.

#### ÓVEITT PRESTAKALL.

Dvergasteinn (Dvergasteinssókn) í Suðurmúlprófastsdæmi. Prestsekkja fær hlutdeild í tekjum brauðsins. Sá er þetta prestakall fær, er og skyldur til, þegar Klyppstaðarsókn losnar, að taka þeirri sameiningu á Dvergasteins- og Klyppstaðarsóknum, er lög 27. febr. 1880 ákveða. Auglýst 13. febr. 1884.